

Styrktarsamningur

Mennta- og barnamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, hér eftir ráðuneytið, og Lýðskólinn á Flateyri, kt. 490317-0230, hér eftir styrkþegi, gera með sér svofelldan samning:

1. Markmið með samningnum og sú starfsemi/verkefni sem styrkt er

- 1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við rekstur og stuðla að starfrækslu Lýðskóla á Flateyri.
- 1.2. Veita almenna menntun og uppfærðslu í samræmi við ákvæði laga um lýðskóla nr. 65/2019 og undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðissamfélagi.
- 1.3. Tryggja stefnu skv. kafla 20.1 í fjármálaáætlun.

2. Framlag og skyldur ráðuneytisins

- 2.1. Með samningi þessum veitir ráðuneytið styrkþega styrk að fjárhæð kr. 62.400.000 vegna þeirra verkefna sem tilgreind eru í 1. gr.
- 2.2. Styrkurinn kemur frá málaflokki 20.1, af fjárlagalið 02-321-11080.
- 2.3. Styrkurinn verður greiddur út í mánaðarlegum greiðslum út samningstímann inn á bankareikning viðskiptabanka styrkþega.
- 2.4. Nemendafjöldi skólans skal að lágmarki vera 20 á hvorri námsönn.
- 2.5. Fari nemendafjöldi á önn undir 18 nemendur, mun ráðuneytið endurkrefja styrkþega um kr. 1.560.000 fyrir hvern þann nemanda sem vantar upp á.
- 2.6. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sbr. og einnig reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar.
- 2.7. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 2.8. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þá fjárhæð sem getið er um í samningi þessum.
- 2.9. Tengiliður ráðuneytisins við styrkþega er Ragnhildur Bolladóttir, teymisstjóri í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

3. Ábyrgð og skyldur styrkþega

- 3.1. Styrkþega er óheimilt að ráðstafa styrknum í annað en þau verkefni sem tilgreind eru í 1. gr. þessa samnings. Þá er styrkþega jafnframt óheimilt að afhenda og/eða framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
- 3.2. Styrkþegi skal taka fram í kynningarefni þeirra verkefna sem samningur þessi tekur til að verkefnin séu styrkt af mennta- og barnamálaráðuneytinu.
- 3.3. Styrkþegi skal eigi síðar en 60 dögum frá lokum samningstíma, skila mennta- og barnamálaráðuneytinu fullnægjandi skýrslu um framvindu verkefna og reikningsskil í samræmi við 2. mgr. 42. gr. laga um opinber fjármál. Í skýrslu skal gerð grein fyrir framgangi og árangri verkefna ásamt sundurliðun á hvernig styrknum var ráðstafað. Skýrsluna skal senda á netfangið mrn@mrn.is.
- 3.4. Hafi skýrslu ekki verið skilað innan 60 daga frá lokum samningstíma getur það haft áhrif á frekari styrkveitingar til styrkhafa.

- 3.5. Styrkþegi skal auk þess veita ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir um þau verkefni sem samningur þessi tekur til, hvenær sem ráðuneytið óskar þess. Styrkþegi skal láta í té allar upplýsingar og gögn um verkefnin, eins fljótt og auðið verður.
- 3.6. Styrkþegi starfar í samræmi við lög um lýðskóla, nr. 65/2019, auka laga og reglugerða sem eiga um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins. Eftirfarandi lög og reglugerðir kunna því að eiga við:
- Lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.
 - Reglugerð nr. 218/2020 um skyldur og ábyrgð forstöðumanna ríkisaðila ríkissjóðs við framkvæmd fjárlaga.
 - Lög um opinber innkaup, nr. 120/2016
 - Upplýsingalög, nr. 140/2012.
 - Stjórnsýslulög, nr. 37/1993.
 - Lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016.
 - Samkeppnislög, nr. 44/2005.
 - Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.
 - Lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014.
- 3.7. Styrkþegi tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef hann telur vafa leika á um að hann geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir styrkþegi frá úrræðum sem hann hyggst grípa til.

4. Vanefndir

- 4.1. Ráðuneytinu er heimilt að rifta samningi þessum og endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu, og öðrum kostnaði sem kann að falla til, ásamt vöxtum skv. ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, uppfylli styrkþegi ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Að sama skapi getur það leitt til endurskoðunar á styrkfjárhæð og/eða skapað ráðuneytinu endurkröfurétt ef styrkþegi brýtur með athöfnum eða athafnaleysi gegn skilyrðum eða forsendum fyrir framlagi eða styrk í samningi þessum.
- 4.2. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 4.3. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

5. Gildistími

- 5.1. Samningurinn gildir frá 1. júlí 2025 til 30. júní 2026.

Reykjavík, 2. júlí 2025

f.h. mennta- og barnamálaráðherra
Hafþór Einarsson, skrifstofustjóri

f.h. Lýðskólans á Flateyri
Runólfur Ágústsson stjórnarformaður